

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

16. fundur

Fimmtudaginn 6. júní 2019 kl. 15.30 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómassonm, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Karolína Helga Símonardóttir og Lúðvík Geirsson.

- 1) Lögð fram samantekt vegna aukins vinnutíma við gerð rammaskipulags, samtals 448 klst., sbr. 1. lið í fundargerð Samráðsnefndar frá 29. apríl sl. Verktími hefur verið yfirfarinn af skipulagsfulltrúa. Samráðnefndin samþykkir fyrir sitt leyti þessa viðbót við gerðan samning.
- 2) Formaður fór yfir stöðu verkefnisins og áætluð verklok fyrir lok júnímánaðar. Samþykkt að stefna að kynningarfundum fyrir íbúa á drögum að rammaskipulagi þann 27. júní n.k.
- 3) Farið yfir nýjustu vinnudrög arkitekta merkt júní 2019. Sérstaklega farið yfir tillögur varðandi Flensborgar- og slippsvæðið. Samráðsnefnd leggur áherslu á eftirfarandi:
 - Tryggja aðkomu fyrir aðföng að smábátabryggjum – akvegur og fráleggssvæði.
 - Stærra opið torgsvæði miðsvæðis framan við smábátabryggjur.
 - Horft verði til framtíðaraðstöðu fyrir Siglingaklúbb austan við slippsvæðið.
 - Skoðuð verði hækkun á landi á slippsvæði til að tryggja afnot á flóði og fjöru.
 - Ekki verði haldið í upptökumannvirki slippisins, heldur svæðið fullnýtt til útivistar.
 - Áhersla á beina tengingu milli Drafnarsvæðis og útisvæðis við Slippinn
 - Hæðasetning á Flensborgarsvæði taki mið af Íshúsinu 2 ½ hæð hámark.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30
LG ritaði fundargerð